



HÁSKÓLI ÍSLANDS



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA



# Erlendir gestir í Mývatnssveit sumarið 2017

## Niðurstöður ferðavenjukönnunar

Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir  
2018

© Rannsóknamiðstöð ferðamála 2018

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Borgum v/ Norðurslóð, IS-600 Akureyri

Sími: (+354) 460 8930

Rafpóstur: [rmf@unak.is](mailto:rmf@unak.is)

Veffang: [www.rmf.is](http://www.rmf.is)

Titill: Erlendir gestir í Mývatnssveit sumarið 2017: Niðurstöður ferðavenjukönnunar

Höfundur: Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir

Umbrot og teikningar: Blek hönnunarstofa - [blekhonnun.is](http://blekhonnun.is)

Forsíðumynd: Í Dimmuborgum © Umhverfisstofnun

Kápa: Ásprent - Stíll og Rannsóknamiðstöð ferðamála

Númer: RMF S-17-2018

ISBN: 978-9935-437-83-9

ISSN: 1670-8857

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.


# Erlendir gestir í Mývatnssveit sumarið 2017

## NIÐURSTÖÐUR FERÐAVENJUKÖNNUNAR

Rannsóknamiðstöð ferðamála hefur í samstarfi við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík staðið fyrir framkvæmd ferðavenjukönnunar meðal erlendra gesta á völdum áfangastöðum frá árinu 2013. Með könnuninni er upplýsinga aflað um ferðahegðun og neyslu erlendra gesta á einstökum svæðum yfir sumartímann. Upplýsingarnar gefa m.a. vísbendingu um ástæðu heimsóknar, dvalarlengd gesta, upplifun þeirra og svæðisbundin útgjöld.

Sumarið 2017 var könnunin framkvæmd á sex stöðum landsins, Húsavík, Mývatnssveit, Akureyri, Siglufirði, Borgarnesi og í Reykjavík. Í þessari samantekt eru birtar niðurstöður könnunarinnar í Mývatnssveit.

Verkefnið var fjármagnað af Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Framkvæmd könnunarinnar í Mývatnssveit var unnin í samstarfi við þekkingarnet Þingeyinga.



# EFNISYFIRLIT

Aðferð	2
Búsetuland gesta	3
Gestakomur	4
Ferðafélagar	5
Fjöldi samferðamanna	6
Gisting	7
Gistinætur	8
Gistimáti	9
Tilgangur ferðar	10
Ástæða heimsóknar	11
Tímasetning ákvörðunar um heimsókn	12
Ferðamáti	13
Dvalarlengd	14
Afþreying og þjónusta	15
Ánægja	16
Útgjöld	17
Athugasemdir	19
Samantekt	21

Spurningakönnunin sem er grundvöllur þessarar rannsóknar einskorðast við erlenda gesti í Mývatnssveit sumarið 2017. Flestar spurninganna sem lagðar voru fyrir viðmælendur voru lokaðar þar sem svarendur merktu við þann svarmöguleika sem best átti við í þeirra tilfalli. Spurningar sem snéru að ástæðu heimsóknar, útgjöldum og athugasemdum voru opnar. Könnunin í Dimmuborgum hefur verið framkvæmd árlega frá sumrinu 2014. Árin 2014-2016 var um að ræða pappírskönnun á ensku, þýsku og frönsku en sumarið 2017 var könnunin einnig á spænsku. Framkvæmd könnunarinnar var jafnframt í fyrsta sinn með rafrænum hætti sumarið 2017 þar sem þátttakendur svöruðu spurningunum á nettengdum spjaldtölvum. Könnunin var hýst hjá MMR sem sá um frumgreiningu gagna.

Ferðamenn voru spurðir út í heimsókn sína til staðarins og ferðahegðun meðan á dvöl þeirra í Mývatnssveit stóð. Sérstaklega var spurt um útgjöld þeirra, en þar var átt við þá upphæð sem greidd var fyrir kaup á neysluvörum og þjónustu sem og fyrir önnur verðmæti til eigin nota eða gjafa í sólarhring meðan á dvöl stóð. Það fól í sér útgjöld ferðamanna sem greidd voru af þeim sjálfum eða af öðrum fyrir þeirra hönd. Stuðst var við reglur þjóðhagsreikninga um einkaneyslu þar sem miðað er við að neyslan eigi sér stað við afhendingu þjónustu eða við eigendaskipti vöru hvort sem peningaleg greiðsla á sér stað um leið eða ekki.\* Útgjöld vegna gistipjónustu voru því metin þann sólarhring sem dvalið var á gististaðnum, vegna ferða þann sólarhring sem ferðin átti sér stað o.s.frv.

Búsetuland ferðamanna er ein af bakgrunnsbreytum könnunarinnar. Á nokkrum stöðum í skýrslunni er vísað í Breta, Bandaríkjamenn o.s.frv. þar sem niðurstöðurnar eru greindar eftir bakgrunnsbreytum.

Er það gert til einföldunar en þar sem það á við er átt við ferðamenn með búsetu í Bretlandi, Bandaríkjunum o.s.frv.

Könnunin stóð yfir tímabilið 18. júlí til 26. ágúst og var framkvæmd frá kl. 9 til kl. 19. Lögð var áhersla á að dreifa gagnasöfnun jafnt yfir daginn og yfir vikuna. Spylrar voru staðsettir framan við hliðið inn að Dimmuborgum. Þeir óskuðu eftir þátttöku allra erlendra ferðamanna sem urðu á vegi þeirra. Alls voru 676 erlendir gestir beðnir um að taka þátt í könnuninni. Af þeim samþykktu 443 þátttöku, eða 66% aðspurðra. Endanlegur fjöldi svara var yfir lágmarksstærð úrtaks miðað við 95% öryggismörk og ±5% úrtaksskekkju. Meðalaldur svarenda var 39,5 ár, hlutfall kvenna var 54% og karla 46%. Um var að ræða úrtakskönnun og niðurstöðurnar ber að túlka sem vísbendingu um ákveðið ástand en forðast alhæfingar út frá þeim.

Framkvæmd könnunarinnar var háð því að gestir staðarins færu fótgangandi um rannsóknarsvæðið á þeim tíma sem könnunin var framkvæmd. Með því var útilokuð þátttaka þeirra sem komu til staðarins eftir kl. 19 á kvöldin og fóru þaðan fyrir kl. 9 um morguninn sem og þeirra sem fóru ekki fótgangandi um hið skilgreinda rannsóknarsvæði á meðan framkvæmd spurningakönnunarinnar stóð. Sumrin 2015 og 2016 var spurningalistum dreift í rútur hjá þeim sem höfðu ekki tíma til að svara könnuninni á staðnum. Það var ekki gert sumarið 2014 og heldur ekki 2017 þar sem framkvæmd könnunarinnar var með rafrænum hætti það árið.

Við úrvinnslu gagnanna var notast jafnt við SPSS og Excel. Við útreikninga á útgjöldum gesta í erlendum gjaldmiðlum var notast við miðgengi Seðlabanka Íslands þann 15. júlí 2017. Útgjöld fyrri ára eru á verðlagi ársins 2017 og miða við vísitölu neysluverðs án húsnæðis.

\* United Nations. [2010]. The conceptual framework for tourism statistics – International Recommendations for Tourism Statistics 2008. Madrid: United Nations

# Hvert er búsetuland þitt?

Í Mývatnssveit hefur hlutfall sumargesta frá Þýskalandi mælst hærra en á landsvísu undanfarin ár. Á tímabilinu 2014-2017 lækkaði það þó úr 22% í 15% á sama tíma og það fór úr 13% í 10% á landsvísu.\*\*


Hlutfallslega hefur ferðamönnum frá Þýskalandi því fækkað meira á svæðinu en á Íslandi í heild.

Hlutfall ferðamanna frá Bandaríkjunum hefur verið nokkuð sveiflukennt í könnuninni en það var 7% sumarið 2014 og 14% sumarið 2017. Á sama tíma hækkaði það úr 16% í 28% yfir sumarmánuðina þrjá á Keflavíkurflugvelli svo það er töluvert lægra í Mývatnssveit. Gæti það bent til vannýtttra sóknarfæra á Bandaríkjamarkaði.

Talsverða sveiflu má einnig greina í hlutfalli gesta frá Frakklandi, en það var 18% í Mývatnssveit sumarið 2014 og 13% sumarið 2017. Á Keflavíkurflugvelli lækkaði hlutfallið úr 8% í 6% á sama tíma.


\*Ferðamálastofa. (e.d.). Brottfarir erlendra farþega um Flugstöð Leifs Eiríkssonar 2003-2018.

\*\*Á landsvísu reiknast hlutfallið yfir tímabilið júní til ágúst ár hvert. Myndin sýnir búsetuland erlendra gesta í Mývatnssveit sumrin 2014-2017 og þjóðerni erlendra farþega um Keflavíkurflugvöll þá mánuði sem könnunin var framkvæmd í Mývatnssveit sumarið 2017.



# Gestakomur erlendra ferðamanna\*

Þegar litið er til sömu landa og hér að framan í gestakomum Hagstofunnar í Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit má greina svipuð hlutföll og í könnuninni. Alls voru um 19% næturgesta frá Þýskalandi, 15% frá Bandaríkjunum og 12% frá Frakklandi. Litlar breytingar voru á milli ára þó hlutfall gesta frá Þýskalandi og Bandaríkjunum hafi lækkað aðeins á tímabilinu en hlutfall gesta frá Frakklandi hækkað.\*\*




\*Gestakomur erlendra ferðamanna í Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit sumrin 2014-2017 (júní til ágúst).

\*\*Hagstofa Íslands (e.d.). Gistinætur og gestakomur á öllum tegundum gististaða eftir sveitarfélögum 2008-2017.

# Með hverjum ferðaðist þú?

Flestir þátttakenda voru á ferð með fjölskyldu og vinum (87%). Um 7% svarenda voru í hópferð og 4% ferðuðust einir. Niðurstöður á landsvísu voru nokkuð svipaðar.\*  
 Athygli vekur sveifla í fjölda hópferðamanna. Hlutfall þeirra yfir sumartímenn lækkaði einnig á landsvísu á milli ára 2016\*\* og 2017 en ekki er útilokað að ný aðferð við gagnasöfnun sem lýst er í upphafi skýrslu ýti einnig undir þennan mun.




\*\*Ferðamálastofa. (2016). Erlendir ferðamenn á Íslandi: Sumar 2016. Reykjavík: Maskína. Ekki voru til upplýsingar á landsvísu um sumarið 2015. Hægt var að velja fleiri en einn svarmöguleika svo fjöldi svara er fleiri en svarenda.



# Hversu margir ferðuðust með þér, að þér meðtöldum?

Algengast var að gestir ferðuðust tveir saman (54%). Í um 20% tilvika voru börn undir 18 ára aldri með í för. Á landsvísu voru börn undir 18 ára aldri meðal ferðafélaga í um 16% tilvika.\*




\* Ferðamálastofa. (e.d.). Landamæra- og viðhorfskönnun: júlí og ágúst 2017.

## Dvaldir þú í Mývatnssveit síðustu nótt eða munt þú dvelja þar í nótt?


Sumarið 2017 var hlutfall næturgesta í Mývatnssveit um 55% og hafði það hækkað nokkuð frá sumrinu 2016 þegar það var 39% en er þó ekki jafn hátt og 2014 þegar það var 63%.

Gestir frá Bandaríkjunum virtust ólíklegri til að gista yfir nótt en gestir frá Frakklandi og Þýskalandi. Alls sögðust 38% Bandaríkjamanna ætla að dvelja yfir nótt á meðan hlutfall gesta frá Frakklandi var 72% og Þýskalandi 53%.



## Gistinætur erlendra ferðamanna\*

Gistinóttum erlendra ferðamanna í Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár og voru alls 214 þúsund árið 2017 sem er um 3,0% af heildarfjölda gistinátta á Íslandi það ár. Hlutfallið var 4,2% yfir sumarmánuðina þrjá en 2,0% yfir vetrarmánuðina. Um 61% allra gistinátta á svæðinu áttu sér stað í júní til ágúst og 81% frá maí til september svo árstíðasveiflan er enn töluverð þó hún hafi minnkað nokkuð frá árinu 2014 þegar sama hlutfall var 78% og 91%.\*\* Talsverð fjölgun átti sér stað yfir haustmánuðina á tímabilinu og sem dæmi má nefna voru gistinætur í september 2014 um 10 þúsund en 28 þúsund í september 2018.



\*Gistinætur erlendra ferðamanna eftir mánuðum í Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit 2014-2017.

\*\*Heimild: Hagstofa Íslands (e.d.). Gistinætur og gestakomur á öllum tegundum gististaða eftir sveitarfélögum 2008 – 2017.

## Hvaða gistaðstöðu nýttir þú þér eða hyggst þú nýta þér í Mývatnssveit?

Af þeim erlendu ferðamönnum sem dvöldu yfir nótt í Mývatnssveit gistu flestir (31%) á tjaldsvæðum. Um 29% gistu á hótélum, um 16% á gistiheimilum og 6% í einkagistingu. Til einkagistingar telst m.a. Airbnb og heimagisting. Önnur gisting er m.a. bifreiðar eða tjöld utan tjaldsvæðis, sófagisting, húsaskipti og gisting hjá vinum og ættingjum.


Á tímabilinu 2014-2017 var gisting á tjaldsvæðum algengasti gistimáti erlendra ferðamanna, að undanskildu sumrinu 2016 þegar 36% ferðamanna gistu á hótélum. Hlutfall ferðamanna sem dvelur á hótélum hefur verið á bilinu 22%-36%, lægst sumarið 2015 og hæst sumarið 2016. Hlutfall gesta á gistiheimilum hefur lækkað úr 24% sumarið 2014 í 16% sumarið 2017. Alls sögðust um 6% ferðamanna dvelja í einkagistingu s.s. Airbnb sem er nokkur hækkun frá fyrra ári. Í annari gistingu vekur athygli hátt hlutfall þeirra sem dvöldu í húsbílum, hjólhýsum eða tjöldum utan tjaldsvæða en það var 8%. Sama hlutfall var um 3% á landsvísu.

Á landinu öllu var hlutfall gistingar á hótélum og gistiheimilum hæst sumarið 2017 eða samtals um 31%. Þar næst kom hlutfall tjaldsvæða sem var 19%. Hlutfall einkagistingar var töluvert hátt á landsvísu eða um 16%.\*

\* Ferðamálastofa. (e.d.). Landamæra- og viðhorfskönnun: júlí og ágúst 2017

\*\* Í könnun Ferðamálastofu er hlutfall hótela og gistiheimila tekið saman og því er samanburður með þessum hætti hér.


\*\*\*Ekki var spurt sérstaklega um einkagistingu í Mývatnssveit sumarið 2014.



## Hver er megingilgangur heimsóknar þinnar til Mývatnssveitar?

Langflestir gesta sögðu megingilgang heimsóknar sinnar til Mývatnssveitar vera frí eða alls um 95%. Sumrin 2014-2017 var hlutfallið á bilinu 93%-97%. Hlutfall þeirra sem komu í þeim tilgangi að heimsækja vini eða ættingja var 1% líkt og fyrri ár en færri sögðust vera í vinnuferð eða ætla að mæta á viðburð í Mývatnssveit\*\*.

Niðurstöðurnar voru í nokkru samræmi við landamærakönnun Ferðamálastofu þó hlutfall gesta í vinnuferð hafi verið heldur hærra á landsvísu og hlutfall gesta í frí lægra.\*




\* Ferðamálastofa. (e.d.). Landamæra- og viðhorfskönnun: júlí og ágúst 2017

\*\*Um var að ræða fjölvalsspurningu. Niðurstöður eru birtar sem hlutfall af heildarfjölda svara líkt og í landamærakönnun Ferðamálastofu.

# Vinsamlegast tilgreindu ástæðu þess að Mývatnssveit varð fyrir valinu sem áfangastaður


Náttúrufegurð í Mývatnssveit hefur löngum verið megin aðráttarafi staðarins. Samarið 2017 sagðist helmingur allra gesta hafa komið til staðarins vegna fegurðar hans og sérstæðrar náttúru. Um 21% gesta sögðu heimsóknina vera hluta af lengri ferð og gáfu ekki frekari ástæðu fyrir heimsókninni. Alls komu um 16% gesta vegna meðmæla sem þeir höfðu fengið úr ferðahandbókum, frá vinum eða öðrum ferðamönnum. Færri en 5% gesta nefndu aðrar ástæður s.s. gönguleiðir, náttúruböð, friðsæld og afþreyingu. Niðurstöðurnar voru nokkuð svipaðar og fyrri sumur.\*



\* Spurningin var opin og svarendur skrifuðu ástæðu sem niðurstöðurnar eru greindar út frá. Í einhverjum tilvikum voru fleiri en ein ástæða og því eru fleiri svör en svarendur.

## Hvenær tókst þú ákvörðun um að heimsækja Mývatnssveit?


Ferðamenn í Mývatnssveit virtust almennt hafa ákveðið að heimsækja staðinn áður en þeir komu til Íslands eða alls um 80% þeirra. Um 14% tóku ákvörðun eftir að þeir komu til landsins og um 1% sögðu heimsóknina vera meginástæðu Íslandsferðarinnar. Um 8% gesta sögðust bara hafa keyrt í gegn á leið sinni annað og því væri ekki um eiginlega ákvörðun að ræða. Í ljósi þess að fleiri taka nú ákvörðun um að heimsækja staðinn áður en til landsins er komið og færri virðast einungis ætla að keyra í gegnum um hann má ætla að Mývatnssveit sé að verða sterkari ferðamannasegull þó breytingarnar séu ekki stórvægilegar á milli ára\*.



\* Nokkrir aðspurðra nefndu fleiri en einn valmöguleika svo fjöldi svara er fleiri en svarenda. Ekki var spurt um tímasetningu ákvörðunar sumarið 2014.

## Hvernig ferðaðist þú til Mývatnssveitar?

Langflestir ferðuðust til Mývatnssveitar með bílaleigubílum eða um 81% gesta. Um 8% voru í hópferð og 1% ferðuðust með áætlunarbifreið. Um 5% notuðu einkabíla. Annar ferðamáti telst t.d. flug, reiðhjól og puttaferðalag. Hlutfall bílaleigubíla hækkaði nokkuð frá fyrra ári á sama tíma og hlutfall farþega hópferðabíla lækkaði.\*





\* Þó hlutfall hópferðamanna hafi einnig lækkað á landsvísu er ekki er útilokað að ný aðferð við gagnasöfnun sem lýst er í upphafi skýrslu yti undir þennan mun á hlutfalli hópferðamanna.



## Hversu lengi telur þú að dvöl þín í Mývatnssveit muni vara?

Meðaldvalarlengd erlendra gesta í Mývatnssveit var um 23,4 klst. Flestir dvöldu á staðnum í 24-48 klst. eða um 31% gesta. Meðaldvalarlengd dagsgesta var 6,6 klst. og næturgesta 1,5 dagar (37 klst). Dvalarlengd erlendra gesta í Mývatnssveit mældist heldur styttri sumarið áður, enda var hlutfall næturgesta lægra þá. Gestir frá Frakklandi dvöldu að meðaltali í 32 klst. í Mývatnssveit. Gestir frá Þýskalandi dvöldu í 25 klst. og frá Bandaríkjunum í 22 klst.



# Vinsamlegast tilgreindu hvaða þætti/afþreyingu þú hyggst nýta þér í Mývatnssveit


Gönguferðir voru vinsælar meðal ferðamanna í Mývatnssveit en alls sögðust um 77% gesta ætla að ganga um svæðið meðan á dvöl þeirra stóð. Um 84% Frakka og 82% Þjóðverja ætluðu í gönguferð en einungis 67% Bandaríkjamanna. Frá sumrinu 2014 hafa á bilinu 54% til 78% gesta ætlað að ganga, hæst var hlutfallið 2014 en lægst 2016.

Um 54% gesta ætluðu í náttúruböð sem er nokkur aukning frá fyrra ári. Um 62% gesta frá Bandaríkjunum áformuðu slíkt, um 50% gesta frá Frakklandi og 48% gesta frá Þýskalandi.

Jarðböðin í Mývatnssveit flokkast sem náttúruböð.



Athygli vekur lækkun á hlutfalli þeirra sem ætluðu á söfn, hugðust smakka mat úr héraði og skoða fugla. Ástæður þessarar lækkunar koma ekki fram í niðurstöðum könnunarinnar.

Færri nefndu aðra valkosti sem voru m.a. hellaferðir, hestaferðir, hjólaferðir, heimsókn á handverkshús ofl.



## Hversu ánægð/ur ert þú með heimsókn þína til Mývatnssveitar?

Almennt voru þátttakendur mjög ánægðir (66%) eða ánægðir (30%) með dvöl sína í Mývatnssveit. Um 4% aðspurðra sögðust hvorki vera ánægðir né óánægðir, enginn var óánægður og 0,2% sögðust vera mjög óánægðir. Á skalanum 1-5 var ánægjustig gesta 4,61 sem er talsverð hækkun frá fyrra ári þegar það mældist 4,19\*. Eru það mjög jákvæðar niðurstöður fyrir ferðapjónustuna í Mývatnssveit. Bandaríkjamenn mældust með 4,8, Frakkar með 4,6 og Þjóðverjar með 4,5. Ekki virtist mikill munur á ánægjustigi þeirra sem nýttu sér þjónustu svæðisins og þeirra sem gerðu það ekki. Þeir sem ætluðu í náttúruböð mældust með 4,67 en þeir sem ætluðu það ekki með 4,55.




\*„Mjög óánægðir“ fengu gildið 1 og „mjög ánægðir“ gildið 5

## Vinsamlegast áætlið sólarhringsútgjöld ykkar í Mývatnssveit eftir útgjaldaliðum


Meðalútgjöld erlendra ferðamanna á sólarhring voru 15.160 kr. sem er töluverð hækkun frá fyrra sumri þegar þau voru 10.188 kr. Ástæðu hækkunarinnar má að hluta rekja til herra hlutfalls næturgesta og lengri dvalar ferðamanna á svæðinu. Upphæðin reiknast á alla svarendur óháð því hvort þeir greiddu fyrir vörur og þjónustu eða ekki. Útgjöldin voru hæst í flokki gistiþjónustu en um 54% aðspurðra greiddu fyrir þann þjónustuþátt meðan á dvöl stóð. Alls keyptu 57% þátttakenda veitingar, sama hlutfall keypti vörur í verslunum, um 37% greiddu fyrir afþreyingu og 7% menningartengda þjónustu.\* Til afþreyingar teljast m.a. gönguferðir með leiðsögn, náttúru- böð, hestaferðir, veiði og jeppaferðir. Til menningar teljast m.a. tónleikar, sýningar, heimsóknir á söfn og í gallerí. Útgjöld vegna samgangna voru í flestum tilvikum vegna eldsneytiskaupa. Meðalútgjöld Frakka og Bandaríkjamanna voru heldur hærri en útgjöld Þjóðverja. Alls námu þau 18 þúsund krónum hjá Frökkum, 17 þúsund krónum hjá Bandaríkjamönnum en 13 þúsund krónum hjá Frökkum. Munaði þar mestu um útgjöld vegna gistingar sem voru talsvert yfir meðallagi hjá Frökkum enda hlutfall næturgesta herra meðal þeirra en annarra. Útgjöld vegna veitinga voru helmingi hærri hjá Bandaríkjamönnum og Frökkum en hjá Þjóðverjum.

\*Á verðlagi ársins 2017. Útgjöldin reiknast á miðgengi Seðlabanka Íslands 15. júlí ár hvert og VNV án húsnæðis í júlí 2017.



## Vinsamlegast áætlið sólarhringsútgjöld ykkar í Mývatnssveit eftir útgjaldaliðum -frh

Meðalútgjöld erlendra ferðamanna í Mývatnssveit hafa verið á bilinu 10.188 kr. – 15.160 kr. frá árinu 2014 þar sem þau voru lægst sumarið 2015 og hæst sumarið 2017. Ef reiknað er með að heildarfjöldi erlendra gesta í Mývatnssveit árið 2017 hafi verið á bilinu 520-535 þúsund\* má samkvæmt þessu áætla að heildarútgjöld þeirra á svæðinu hafi verið um 7,9 - 8,1 ma.kr. árið 2017. Um er að ræða nálgun út frá áætluðum fjöldatölum og hlutföllum svo niðurstöðunum ber að taka með fyrirvara. Engu að síður gefa þær vísbendingu um umfang atvinnugreinarinnar út frá gefnum forsendum.




\*Ferðamálastofa. (e.d.). Áætlaður fjöldi á svæðum og stöðum

## Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi dvöl þína í Mývatnssveit?

Af þeim sem komu með athugasemdir varðandi dvöl þeirra í Mývatnssveit lýstu 20% yfir ánægju með feegurð staðarins og sérstæða náttúru svæðisins. Um 19% gesta nefndu hátt verðlag og af þeim voru 4% ósáttir við að greiða fyrir aðgang að salerni eða annarri hreinlætisaðstöðu. Alls gerðu um 14% svarenda athugasemdir við upplýsingagjöf til ferðamanna. Þar af fannst 11% svarenda þurfa að bæta upplýsingaskilti, vegvísa og kort á svæðinu en um 3% voru ánægðir með merkingar göngustíga.

Um 10% svarenda höfðu ekkert nema gott um heimsókn sína til staðarins að segja og voru almennt ánægðir án frekari skilgreiningar. Alls gerðu um 8% svarenda athugasemdir við salernisþjónustu svæðisins og þá aðallega skort á henni. Um 6% nefndu fjölda ferðamanna á svæðinu í athugasemdum sínum. Þar af fannst flestum gestir svæðisins of margir og höfðu áhyggjur af áhrifum þess á náttúruna. Öðrum fannst rólegra í Mývatnssveit en á Suðurlandinu og nefndu það sérstaklega. Um 5% svarenda nefndu skort á samgöngum og tengdri þjónustu. Aðrar athugasemdir snéru helst að góðum veitingum, góðum móttökum, of mörgum flugum og skorti á ruslafötum.

Þegar athugasemdirnar eru bornar saman við niðurstöður fyrra árs vekur athygli aukning meðal þeirra sem nefna verðlagið sérstaklega í athugasemdum sínum. Um 6% aðspurðra kvörtuðu yfir verðlaginu sumarið 2016 en hlutfallið þrefaldaðist á milli ára. Fleiri virtust nefna feegurð staðarins og náttúru á sama tíma og heldur færri sögðu heimsóknina almennt góða án frekari skilgreiningar. Helmingi færri kvörtuðu yfir skorti á salernisaðstöðu en fleiri höfðu áhyggjur af vaxandi fjölda ferðamanna og áhrifum þess á náttúru svæðisins.



Merkið gönguleiðirnar betur

Ekki rukka fyrir þvottaaðstöðuna

Ferðamenn eru að eyðileggja náttúruna

Ég á erfitt með að skilja jarðsöguna og hvað gerðist hér

# Fallegur staður

Kortin á uppýsingamiðstöðinni eru ekki nógu góð

Ferðamenn fylgja ekki leiðbeiningum

Fallegt land

Skiltin mættu vera meira áberandi

Fleiri almenningssalerni

Ég kann vel við tröllin en síður við gjaldskyld salerni

Salernin voru ýmist lokuð eða of dýr

Þið eruð ekki að nýta ykkur tækifæri ferðamennskunnar, þið eruð að blóðmjólka ferðamenn. Hugsid um það.

## Allt í góðu lagi

Góðar móttökur

Vegvísar á ensku eða með táknum s.s. hraunsúlu við Dimmuborgir

Of margar flugur

Meira framboð gistingar

Ég var hrifinn af Kröflu og hrauninu

Fleiri ruslafötur

Það er ekki auðvelt að aka um veginn að Hverfjalli

Það þarf að venjast malarvegnum

Það væri gott ef hægt væri að gista í hjólhýsi utan tjaldsvæðis

Ekkert WiFi á tjaldsvæðinu

## Of hátt verðlag

Of margir ferðamenn

Hér kemst maður ekkert nema vera á bíl

Ég hef áhyggjur af svæðinu vegna fjöldaferðmennsku

Sumir staðir taka ekki við kreditkortinu okkar

Hér er aðeins rólegra en á Suðurlandi sem er gott

Betri upplýsingar um gönguleiðir á Hverfjalli myndu gera það að aðal aðdráttarafli svæðisins

Meira vöruframboð fyrir grænmetisætur

Göngukortin mættu vera skýrari og vera með myndum af því helsta

Brennisteinslykt

Ég skal gjarnan borga fyrir kort en vil síður teikningar með röngum mælikvörðum

Innviðir í ferðþjónustu á Íslandi miðast of mikið að umferð bíla

Göngustígarnir eru vel merktir

Upplýsingaskilti um eldvirkni þyrftu að hafa punkt á korti sem sýnir hvar maður er staddur

Ég fékk besta hamborgara sem ég hef nokkun tíma smakkað í Vogafjosi

Mikil uppbygging hefur átt sér stað í ferðaþjónustu í Mývatnssveit samfara ört vaxandi fjölda ferðamanna á svæðinu. Gestir svæðisins virðast almennt ánægðir með dvöl sína og koma helst vegna sérstæðrar og fallegrar náttúru. Þeir vilja fara í gönguferðir og náttúruböð og um helmingur þeirra dvelur yfir nótt á staðnum. Þetta er meðal þess sem kemur fram í niðurstöðum könnunar um ferðavenjur erlendra gesta á svæðinu sumarið 2017.

Árstíðasveifla í ferðaþjónustu er ennþá töluverð í Mývatnssveit þó svo að að dregið hafi úr henni síðustu ár. Af þeim 214 þúsund gistinóttum erlendra ferðamanna sem voru í Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit árið 2017 áttu 81% sér stað frá maí til september. Sama hlutfall var 90% árið 2014 svo vægi vetrargistingar hefur aukist á tímabilinu. Tæpur þriðjungur gesta dvaldi á tjaldsvæðum og svipað hlutfall á hótelum. Heldur færri völdu gistiheimili eða aðra tegund gistingar.

Meðaldvalarlengd erlendra gesta í Mývatnssveit var um 23 klst og flestir dvöldu á staðnum í 24-48 klst. Gestir frá Frakklandi stoppuðu lengur en gestir frá Þýskalandi og Bandaríkjunum og voru líklegri til að dvelja yfir nótt. Ferðamenn í Mývatnssveit höfðu almennt ákveðið að heimsækja staðinn áður en þeir komu til Íslands eða alls um 80% þeirra sem er aukning frá fyrra sumri. Færri sögðust einungis hafa keyrt í gegn á leið sinni annað svo samkvæmt því má ætla að Mývatnssveit sé að verða sterkari ferðamannasegull þó breytingarnar séu ekki stórvægilegar á milli ára.

Hlutfall sumargesta frá Þýskalandi hefur mælst hærra í Mývatnssveit en á landsvísu undanfarin ár. Á tímabilinu 2014-2017 fór það þó lækkandi á meðan hlutfall gesta frá Bandaríkjunum hækkaði á svæðinu. Meðalútgjöld erlendra gesta á sólarhring voru um 15.200 kr. Hæst voru þau í flokki gistingar en rúmur helmingur gesta greiddi fyrir þann þjónustubátt meðan á dvöl stóð. Útgjöld Frakka og Bandaríkjamanna voru hærri en Þjóðverja. Munaði þar mestu um útgjöld vegna gistingar sem ítrekar mikilvægi þess að gera gistingu í Mývatnssveit að ákjósanlegum valkosti ferðamanna. Heldur óvenjulegt er að útgjöld Frakka hafi verið hærri en Bandaríkjamanna en það skýrist m.a. af lengri dvöl þeirra á svæðinu.

Meðal þess sem helst kom fram í athugasemdum ferðamanna var að svæðið væri sérlega fallegt. Færri kvörtuðu yfir salernis- aðstöðunni en árið áður en um þrefalt fleiri nefndu hátt verðlag sem verður að teljast áhyggjuefni. Endurspeglast það í hækkingu á öllum útgjaldaliðum á milli ára.

Niðurstöður könnunarinnar gefa vísbendingu um þróun og stöðu ákveðinna þátta ferðaþjónustu í Mývatnssveit á tímabilinu 2014-2017. Varast ber að alhæfa út frá niðurstöðunum en engu að síður eru þessar upplýsingar ásamt öðrum áreiðanlegum gögnum í ferðaþjónustu mikilvægt þúsl í heildarmynd atvinnugreinarinnar á landsvísu. Athugasemdir og óskir ferðamanna sem koma fram í könnuninni auka einnig skilning á þörfum þeirra og upplifun meðan á dvöl stendur og eru mikilvægar fyrir svæðisbundna stefnumótun og uppbyggingu atvinnugreinarinnar.